

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um upplýsingagjöf lífeyrissjóða um fjárfestingarstefnu.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Telur ráðherra, í ljósi þess að lög nr. 113/2016, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sem m.a. skylda lífeyrissjóði til að setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum, taka gildi 1. júlí 2017 og með tilliti til svars ráðherra á þskj. 896, að ráðuneytinu sé skylt eftir gildistöku umræddra laga að afla þeirra upplýsinga sem beðið var um á þskj. 660?
2. Hvernig telur ráðherra, með tilvísun til svars á þskj. 896, að hið opinbera geti mótað stefnu um eftirfylgni við markmið Parísarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 12. desember 2015 sem Alþingi fullgilti 19. september 2016 með þingsályktun nr. 60/145 ef ekki er á færi ráðuneytisins að afla þeirra upplýsinga sem beðið var um í 1. tölul. fyrirspurnar á þskj. 660 og sambærilegra upplýsinga?
3. Telur ráðherra að setja þurfi í lög eða reglugerð um starfsemi lífeyrissjóða ítarlegri reglur um upplýsingagjöf þeirra um eftirfylgni við siðferðisleg viðmið varðandi fjárfestingar til að ákvæði um þetta í lögum nr. 113/2016 hafi tilætluð áhrif?

Skriflegt svar óskast.